



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga að breytingum á hámarkshraða í tengslum við tímabundið skólahúsnæði í Ármúla

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

1. Háaleitisbraut, frá Kringlumýrarbraut að Ármúla, hámarkshraði verði 40 km/klst, í stað 50 km/klst.
2. Háaleitisbraut, frá Miklubraut að Safamýri, hámarkshraði verði 40 km/klst, í stað 50 km/klst.
3. Háaleitisbraut, frá Safamýri að núverandi 30 km/klst svæði, hámarkshraði verði 30 km/klst í stað 50 km/klst.
4. Háaleitisbraut, frá Ármúla að núverandi 30 km/klst svæði, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
5. Lág múli, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
6. Hallarmúli, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
7. Ármúli, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
8. Selmúli, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
9. Síðumúli, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
10. Vegmúli, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
11. Fellsmúli, frá Grensásvegi að núverandi 30 km/klst svæði, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg vinnur að því að innleiða nýja hámarkshraða í samræmi við hámarkshraðaáætlun borgarinnar. Óskað hefur verið eftir að lækka hámarkshraða á Ármúla framan við tímabundið húsnæði Hagaskóla, enda sé skólastarfsemi þar og grunnskólanemendur því mikið á ferðinni á svæðinu. Með tilliti til að stutt er í framkvæmd næsta áfanga hámarkshraðaáætlunarinnar og til að koma í veg fyrir að þurfa að flytja hámarkshraðaskiltin fljótt aftur (með tilheyrandi raski og kostnaði) er lagt til að flýta þessum hluta hámarkshraðaáætlunarinnar, og breyta samtímis hámarkshröðum í nærliggjandi götum.

Í samræmi við 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan fengið umsögn frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sem gerir ekki athugasemd við breytinguna.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

